
„Mála sem mér sýnist“

Sveinn Björnsson listmálari opnar sýningu í dag á Kjarvalsstöðum en hann er nú á hraðri leið inn í abstraktið

Sveinn Björnsson listmálari í Hafnarfirði er eins og náttúran sjálf. Hann fer sínar eigin leiðir og skapar kraftmikil og frumleg listaverk. Nú er hann á hraðleið inn í abstraktið þegar margir af jafnöldrum hans eru að hverfa frá því. „Nú langar mig til að mála svona og ég fer eftir því sem mig langar“, sagði hann við blaðamenn á fundi í vikunni en í dag, laugardag, hefst stór sýning á verkum hans í vestursal Kjarvalsstaða.



Móðir jörð heitir þessi mynd Sveins Björnssonar. Hún er máluð í Krýsuvík eins og aðrar myndir hans. Ljósm.: eik.

Blaðamaður Þjóðviljans rabbaði aðeins við Svein yfir koníaki og harðfiski og hann var fyrst spurður að því hvort hann hefði nokkurn tíma lært málverkið í skóla.

– Ég byrjaði að mála fyrir 37 árum. Það var árið 1948 og þá var ég stýrimaður á togara, hafði útskrifast úr Sjómannaskólanum árið 1947. Það var svo ekki fyrr en 1956 sem ég settist á skólabekk. Ég fór á akademíið í Kaupmannahöfn með teikningar mínar af sjónum og var tekinn inn. En ég var kominn með konu og börn og hafði ekki efni á að vera þar nema í 1 ár.

– Stundarðu eingöngu málverkið?

– Nei, ég er ennþá í rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, vil ekki eiga undir því að selja. Ég hef hugsað mér að hafa brauðið hjá lögreglunni en mála svo það sem mér sýnist.

– En þú ert mjög afkastamikill?

– Ég er alveg vitlaus þegar ég mála. Ég hætti í vinnunni kl. 4 og ek þá beina leið til Krísuvíkur en þar hef ég vinnustofu og mála stundum til kl. 6 á morgnana. Ég vil helst vera einn þegar ég mála, vil ekki láta konu bíða eftir mér.

– Hvernig stendur á þessari vinnustofu í Krísuvík?

– Það er gamla bústjórahúsið í Krísuvík. Ég fékk það frá bæjarstjórninni í Hafnarfirði. Það hafði þá staðið autt í 15 ár og ég fór til bæjarstjórans og bað um það. Hann sagði að það ætti að rífa það eftir viku – eða ég man ekki hvað það var. En það varð úr að ég fékk að leigja það um einhvern tíma og svo áfram og nú er ég búinn að gera samning við bæjarstjórnina um að fá að hafa það næstu 20 árin eða þangað til ég verð áttræður. Þeir eiga heiður skilinn fyrir það. Þetta er eins konar legat, var samþykkt með öllum atkvæðum.

Mála við músík

– Hvernig stendur á þessari þróun þinni til abstraktsins?

– Það sem mér finnst fallegast í náttúrunni er eiginlega abstrakt. Þegar maður kemur til Krísuvíkur og horfir niður fyrir sig sér maður kannski tvo steina og gulan flöt allt í kring. Þetta virkar á mig eins og abstrakt en getur auðvitað alveg eins verið naturalistískt. Lengi málaði ég sjóinn og fjöllin og árin 1961 og 1962 málaði ég eintóma fiska. Mig dreymdi þá mikið neðansjávarfiska. Nú er þetta allt búið að vera.

– Það er einhver bylgjuhreyfing í mörgum verka þinna?

– Já, ég hlusta mikið á Bach og Grieg þegar ég mála og þetta er kannski einhver skyldleiki við músíkina. Og hraunið er líka svona í bylgjum.

– Málarðu alltaf við músík?

– Já, nú orðið mála ég alltaf inni og alltaf við músík.

– Og við Bach og Grieg?

– Já, mest en stundum við Beethoven og það kemur fyrir að ég skelli mér í Louis Armstrong og þá verður allt vitlaust hjá mér.

– Þú hefur sýnt ansi oft?

– Já, ég held ég sé búinn að halda 35 sýningar. Ég sýndi fyrst í Sjálfstæðishúsinu í Hafnarfirði 1952 en fyrsta sýningin í Reykjavík var í Listamannaskálanum 1954. Svo er ég búinn að sýna í Danmörku, Þýskalandi, Ameríku, Vestmannaeyjum, Ísafirði, Neskaupstað o.s.frv.. En oftast hef ég sýnt í Danmörku, bæði Charlottenborg, Gallerí M og víðar. Árið 1978 sýndi ég t.d. yfir 100 myndir á vegum Den Frie.


– Og þú málar aðallega í Krísuvík?

– Já, mér finnast fallegir þessir steinar í Krísuvík. En ég vil hafa sköpun í myndunum en ekki eftirhermu.

– Og þú ert að verða sextugur?

– Já, þetta er eiginlega afmælissýning. Ég verð sextugur seint í febrúar. Annars ætla ég að verða 95 ára. Það hefur spákona sagt mér. Þegar ég kemst á eftirlaun hjá lögreglunni þá kemst ég fyrst í ham.

– GFr.



Chet Baker í þrjátíu ár með trompetinn að vopni.

Jazz

Sérhver nóta dýr

Úr einni borg í aðra, til skiptist í reykmettuðum djassklúbbum og virðulegum hljómleikasölum, land úr landi með nýja ryþmasveit á hverjum stað; við þær aðstæður hefur Chet Baker boðað sína fáu en áhrifamiklu tóna í meira en þrjátíu ár með trompetinn að vopni. Hann var nýverið spurður að því í viðtali hvort hann væri ekki orðinn þreyttur á þessum endalausa flækingi: „Þreyttur? Ég er djassmúsíkant og þetta er mín vinna“.

Ferill Chet Bakers hófst um 1950 á bandarísku vesturströndinni. Þar djammaði hann með mönnum eins og Dexter Gordon, Poul Desmond, Hampton Hawes og 1952 lék hann mikið með Charlie Parker. Stuttu síðar varð svo tvístirnið Chet Baker/Gerry Mulligan heimsþekkt. Að vera heimsfrægur hálfþrítugur getur leikið menn grátt. Það var líka á þeim árum þegar heróínið hjó hvað stærst skörð í raðir djassmanna. Baker var heppnari en margur annar, hann slapp lifandi.

Frægðar- og vinsældalínurit djassleikara hafa löngum haft tilhneigingu til að verða öldótt. Menn renna mishratt niður af toppnum og það er ekki á allra færi að klöngrast upp að nýju. Baker átti sitt „come – back“ þegar þeir Mulligan komu fram eftir 20 ára hlé, 1974 – 75. Síðan hefur hann þokast hægt og örugglega upp brekkuna að nýju. Árið 1981 var plata hans **Touch of your lips** valin í hóp bestu djassplatna þess árs í bandaríska tímaritinu Downbeat, sem er Blaðið Okkar í hópi djassáhugamanna.

Auk nótnavalsins er það kannski fyrst og fremst ljóðrænan og hlýjan sem eru höfuðeinkenni trompetleiks Bakers. Hann spilar sín tónaljóð samkvæmt þeirri kenningu að sérhver nóta sé dýr; Halldór Laxness ráðlagði ungum rithöfundum að ímynda sér að þeir væru að senda símskeyti til Falklandseyja þegar þeir skrifuðu texta. Það ráð er að sjálfsögðu ekki einhlítt. En þegar öguð hugsun bætist við náðargáfuna þá erum við komin á vit listarinnar.

Jazzvakning heldur tónleika með Chet Baker í Gamla Bíói laugardaginn 2. febrúar kl. 15.00.

Tómas R. Einarsson